

BRENDA PREHAL

*Fornleifaskráning vegna skógræktar í
landi Fjarðarhorns í Hrútafirði.*



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2021/246

Forsíðumynd: Þrívörður í landi Fjarðarhorns. Horft til suðausturs.



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2021/246

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	6
Aðferðarfræði	6
Fjarðarhorn-söguágrip	8
Fornleifaskráning	9
Samantekt	26
Heimildaskrá	28
Fylgiskjöl	30

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Fjarðarhorns í Hrútafirði. Verkið var unnið fyrir Fasteignafélagið Festi að beiðni Johan Holst hjá Skógræktinni sem einnig er tengiliður landeiganda.

Skráningarsvæðið nær yfir rúmlega 300ha en fyrirhugað skógræktarsvæði er 199ha að stærð. Þar sem ytri mörk skráningarsvæðis og ytri mörk skógræktarsvæðis liggja saman var skráð 15m út frá ytri mörkum skráningarsvæðis.


Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga hefur tvisvar áður skráð fornleifar í landi Fjarðarhorns. Fyrst árið 2005 þegar gert var mat á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar (Bryndís Zoëga ofl., 2005) og 2021 var skráð vegna lagningar hitaveitu og ljósleiðara í Hrútafirði (Brenda Prehal, 2021).

Í skýrslunni er stutt ágríp af sögu Fjarðarhorns, yfirlit yfir fornleifar sem skráðar voru á vettvangi og í lokin eru niðurstöður skráningarinnar teknar saman. Í viðauka er hnitaskrá og yfirlitskort yfir skráningarsvæðið. Skráning á vettvangi fór fram þann 5. október 2021.

Sigurður Grétarsson fyrrum bóndi á Fjarðarhorni og Máni Laxdal bóndi á Valdasteinsstöðum fá þakkir fyrir veitta aðstoð og upplýsingar.

Vettvangsvinna, með aðstoð frá Swanhild Ylfu K.R. Leifsdóttur, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2711



Mynd 1. Yfirlitsmynd. Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðu og skógræktarsvæðið er gráröndótt. Gögnin eru fengin frá Skógræktinni.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær stekkjartóft í landi Fjarðarhorns raðnúmerið 9 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Fjarðarhorn 2711-9]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum skógræktar í landi Fjarðarhorns í Hrútafirði. Þess ber að geta að einungis lágu fyrir upplýsingar um útlínur skógræktarsvæðisins en ekki aðrar framkvæmdir eins og vega- eða stígagerð.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá verkkaupa.

Fjarðarhorn-söguágrip


Býlið Fjarðarhorn er við botn Hrútafjarðar og var í landnámi Bálda Blængssonar sem nam Hrútafjörð allan og bjó að „Báldastöðum hvarumtveggjum, en síðast á Bæ ok dó þar“ (Íslendinga sögur, 119).

Fjarðarhorn kemur fyrst fyrir í Sturlunga en árið 1244 bjó þar bóndi að nafni Loðinn (Sturlunga saga II, bls. 41). Loðinn var fylgismaður Sturlunga og segir frá því er Brandur nágrenni hans á Stað og Kolbeinn ungi Arnórsson (Ásbirningur) ginntu hann úr bænhúsi og hjuggu af honum fæturna (Sturlunga saga II, bls. 48).

Ekki kemur fram hvar ódæðið var framið en þarna er mögulega heimild um bænhús að Fjarðarhorni.

Árin 1703 og 1709 var tvíbýli á Fjarðarhorni og eru tveir ábúendur taldir í manntölum fram yfir 1901 að árinu 1816 undanskildu. (Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 452). Jarðamat Fjarðarhorns var að fornu 24 hundruð og í jarðabók 1847 segir eru kúgildi sögð 4 og ábúendur 2. Jörðin var þá eign Prestbakkakirkju og var lénsjörð prests þess sem þjónaði Hrútafjarðarþingum (Jarðabók J. Johnsen, 217; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 452) en hafði fyrrum verið eign Hólastóls (Íslenskt Fornbréfasafn I, 679; XI 869).

Í Fasteignamati 1916-1918 segir að tún sé í góðri rækt, grasgefið og að nokkru slétt. Engjar eru sagðar víðlendar, nokkuð votlendar og heldur grasgefnar og gefi af sé holl og góð hey. Beitoland er sagt kjarngott fyrir allar skepnur, víðlent, frekar snjólétt en næðingssamt. Eins segir að mótak sé ekkert, torfrista slæm en grjót nærtækt (nr. 5, bls. 107).



Mynd 2. Gamla bærinn Fjarðarhorns.

Fjarðarhorn 2711-1 (eldra númer 142188 –108- 1)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Gamla bæjarstæðið á Fjarðarhorni var um kílómetra norðan við núverandi bæjarstæði. Bærinn stóð neðan gamla þjóðvegarins og er á milli hans og Innstrandarvegur (núverandi þjóðvegur).

Lýsing

Þegar skráning fór fram í október 2021 var gras of hátt til þess að hægt væri að greina veggjalög á bæjarhólnum. Sama staða var árið 2005 og í fornleifaskráningaskýrslu er eftirfarandi lýsing: „Á gamla bæjarstæðinu er nú aðeins slétt flöt, gróin vallhumli og njóla, en hvergi sér merki gömlu bæjarhúsanna sem hafa verið sléttuð. Vegna gróðurs var ekki hægt að greina neinar ójöfnur á yfirborði en þó er þarna greinileg hólmyndun sem vísast er gamli bæjarhóllinn.“ (Bryndís Zoëga ofl., 2005; 21). Árið 1914 var byggt steinsteyppt tvílyft íbúðarhús á Fjarðarhorni á sama stað og eldri bærinn stóð áður (Bryndís Zoëga ofl., 2005; 21).

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati 1916-1918 (nr. 5, bls. 107) er eftirfarandi lýsing á húsinu: „Íbúðarhús úr steinsteypu með járnþaki. Portbyggt 16x13 ál. Veggir tvöfaldir, herbergi 11, steypdur kjallari undir húsinu.“

Fjarðarhorn 2711-2 (142188 –108- 2)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Hættumat: Horfið

Staðhættir

Í skráningarskýrslu frá 2005 er getið um tóft sem mun hafa staðið norðan bæjarlækjar að sögn Rósu Jósefsdóttur þáverandi bónda á Fjarðarhorni (Bryndís Zoëga ofl., 2005; 21).

Lýsing

Engin tóft fannst á þessum slóðum 2005 og hugsanlegt að hún hafi horfið við framkvæmdir (Bryndís Zoëga ofl., 2005; 21). Hlutverk tóftarinnar og nákvæm staðsetning er óþekkt en miðað er við þá staðsetningu sem gefin er upp í skýrslunni 2005 og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.

Fjarðarhorn 2711-3

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta – vegna trjáræktar

Staðhættir

Gamli þjóðvegurinn lá um hlað á Fjarðarhorni og enn er hluti af veginum vel greinilegur. Hann nær frá Markhöfða í norðri og endar við þjóðveginn sem var í notkun á undan Innstrandarvegi, um 260m norðan við íbúðarhúsið á Fjarðarhorni.

Lýsing

Vegurinn er grasi gróinn en vel greinilegur. Hann er rétt um kílómetri að lengd og mest um 5m á breidd. Það eru brýr á tveimur stöðum, önnur yfir bæjarlækinna sunnan við gamla bæjastæðið á Fjarðarhorni og hin um 170 m sunnar, yfir lækinn þann sem hugsanlegar er Stekkjarlækur. Aldur brúnna er óþekktur en á túnakorti frá 1917 virðast vera brýr yfir báða lækina.



Mynd 3. Gamli vegurinn liggur samsíða Innstrandarvegi á kafla eins og sést á myndinni. Horft er til norðurs.



Mynd 4. Túnakort Fjarðarhorns.

Fjarðarhorn 2711-4

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Fjarðarhorns frá 1917 var hús um 10-15m suðvestur af gamla bænum [2711-1] hinu megin gamla þjóðvegarins [2711-3].

Lýsing

Húsið er horfið og þegar vettvangsvinna fór fram í október 2021 var gras of hátt til þess að greina mætti veggjalög og því óvíst hvort enn sjáist einhver ummerki á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en í fasteignamati frá 1916-1918 þá er getið um fimm útihús (fjós, fjárhús, 2 hlöður og hesthús) og líklegt að bygging [2711-4] hafi verið eitt þeirra (nr. 5, bls. 107).

Fjarðarhorn 2711-5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Fjarðarhorns frá 1917 var hús um 20 metra norðvestur af gamla bænum [2711-1] hinu megin gamla þjóðvegarins [2711-3].

Lýsing

Húsið er horfið og þegar vettvangsvinna fór fram í október 2021 var gras of hátt til þess að greina mætti veggjalög þannig að óvíst er hvort eitthvað sjái eftir af því.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en í fasteignamati frá 1916-1918 þá er getið um fimm útihús (fjós, fjárhús, 2 hlöður og hesthús) og líklegt að bygging [2711-5] hafi verið eitt þeirra (nr. 5, bls. 107).

Fjarðarhorn 2711-6

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Fjarðarhorns frá 1917 stóðu tvö hús, hlið við hlið, norðvestast í gamla túninu um 130-140m norðvestur af gamla bæjarstæðinu.

Lýsing

Húsin eru horfin og þegar vettvangsvinna fór fram í október 2021 var gras of hátt til þess að greina mætti veggjalög.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en í fasteignamati frá 1916-1918 þá er getið um fimm útihús (fjós, fjárhús, 2 hlöður og hesthús) og líklegt að byggingar [2711-6 og 7] séu einhver þessara húsa (nr. 5, bls. 107).

Fjarðarhorn 2711-7

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Fjarðarhorns frá 1917 stóðu tvö hús, hlið við hlið, norðvestast í gamla túninu um 130-140m norðvestur af gamla bæjarstæðinu.

Lýsing

Húsin eru horfin og þegar vettvangsvinna fór fram í október 2021 var gras of hátt til þess að greina mætti veggjalög.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en í fasteignamati frá 1916-1918 þá er getið um fimm útihús (fjós, fjárhús, 2 hlöður og hesthús) og líklegt að byggingar [2711-6 og 7] séu einhver þessara húsa (nr. 5, bls. 107).

Fjarðarhorn 2711-8

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Fjarðarhorns frá 1917 var hús um 70-80m norðvestur af bænum [2711-1] handan heimreiðarinnar.

Lýsing

Húsið eru horið og þegar vettvangsvinna fór fram í október 2021 var gras of hátt til þess að greina mætti veggjalög.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en í fasteignamati frá 1916-1918 þá er getið um fimm útihús (fjós, fjárhús, 2 hlöður og hesthús) og líklegt að bygging [2711-8] hafi verið eitt þeirra (nr. 5, bls. 107).

Fjarðarhorn 2711-9 (2674-44)

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta – vegna trjáræktar

Staðhættir

Á suðurbakka bæjarlækjarins, 85m vestan við Innstrandarveginn og um 65m ssv af gamla bæjarstæðinu [2711-1].




Mynd 5. Stekkjatóft (2711-9), horft til v.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og um 9 x 12m að utanmáli. Veggir eru um 50cm háir og allt að 1,5m á breidd. Norður- og vestur veggir eru vel greinilegir en suðurhlutinn er hruninn. Hlið hefur verið til suðurs. Rabarbaragarður er í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Stekkurinn er merktur á túnakort frá 1917 og því líklegt að hann hafi enn verið í notkun á þeim tíma.



Mynd 6. Stekkjatóft (2711-9).

Fjarðarhorn 2711-10

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Rúmlega 200m ssv af gamla bæjarstæðinu á Fjarðarhorni, á norðurbakka lækjar sem líklega er Stekkjarlækur sem getið er um í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) er tóft.




Mynd 7. Stekkjatóft (2711-10), horft til a.

Lýsing

Tóftin er á norðanverðum lækjarbakka og byggð upp við lítinn klett. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er 4,5 x 11m að utanmáli. Hlið hefur snúið til suðvesturs. Tóftin er grjóthlaðin og grasi- og mosagróin. Veggir eru um 80cm á hæð og allt að 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Fram af bæ, á láglendinu, eru Litlagil og Stekkjarlækur...“. Og síðar segir: „Út af henni [átt er við Breið sem fyrrum var slægjuland] er Stekkur og Stekkjarmelur, Miðaftansvarða og Hesthúsbarð rétt við túnið.“



Mynd 8. Stekkjatóft (2711-10).

Fjarðarhorn 2711-11 (142188 –108-3)

Hlutverk: Náma

Tegund: Mógrafasvæði


Hættumat: Hætta – vegna trjáræktar

Staðhættir

Mógrafasvæði er um 375m suður af íbúðarhúsinu á Fjarðarhorni, rétt austan við gamla þjóðveginn.

Lýsing

Mógrafasvæðið er um 15 x 30m að ummáli.



Mynd 9. Mógrafasvæði (2711-11).

Fjarðarhorn 2711-12

Hlutverk: Kennimark, óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Þúst er um 385m suður af íbúðarhúsinu á Fjarðarhorni og um 70m vestan (ofan) við veginn sem var fyrirrennari Innstrandarvegar.



Mynd 10. Þúst (2711-12), horft til sv.

Lýsing

Þústin er úr grjóti, um 2 x 3m að utanmáli, og liggur NA-SV. Hlutverk er óvíst en hugsanlega er þetta hrunin varða.

Fjarðarhorn 2711-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Um 440m suðvestur af íbúðarhúsinu á Fjarðarhorni er grjóthleðsla í smá holu.

Lýsing

Hleðslan er um 2 x 2,5m að utanmáli hugsanlega er smá torf utan með henni. Hún er um 30cm djúp og sér í vatn í botni. Hlutverk er óljóst og hugsanlega er þetta brunnur eða náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 11. Hleðsla (2711-13), horft til na.

Fjarðarhorn 2711-14

Sérheiti: Þrívörður

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta – vegna trjáræktar

Staðhættir

Varða stendur á hrygg, um 690m vestur af íbúðarhúsinu á Fjarðarhorni.

Lýsing

Varðan er hrunin. Hún er um 70cm á hæð og um 1,5m að grunnmáli. Grasi og mosi vex umhverfis hleðsluna. Varðan er hugsanlega ein Þrívarða sem nefndar eru í örnefnaskrá (sjá aðrar upplýsingar).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Fram af því eru Fjánholt, Tunghólar, Dyngjuholt, Þrívörður, Einirhóll, Vörðuhóll og Folaldaflói uppi á brún.“



Mynd 12. Varða (2711-14), horft til a.

Fjarðarhorn 2711-15

Sérheiti: Þrívörður

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta – vegna trjáræktar

Staðhættir

Varða er hlaðin á hrygg um 795m vestur af íbúðarhúsinu á Fjarðarhorni. Hún er um 35m suðaustan við vörðu [2711-16] og um 110m norðvestan við vörðu [2711-14].



Mynd 13. Varða (2711-15), horft til sa.

Lýsing

Varðan er hrunin. Hún er um 1m á hæð og um 1,5 x 2m að grunnmáli. Umhverfi vörðunnar er grasi og mosa gróið. Varðan er hugsanlega ein Þrívarða sem nefndar eru í örnefnaskrá (sjá aðrar upplýsingar).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Fram af því eru Fjánholt, Tunghólar, Dyngjuholt, Þrívörður; Einirhóll, Vörðuhóll og Folaldaflói uppi á brún.“

Fjarðarhorn 2711-16

Sérheiti: Þrívörður

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta – vegna trjáræktar

Staðhættir

Varða er um 820m vestur af íbúðarhúsinu á Fjarðarhorni, upp á hrygg. Hún er um 35m norðvestan við vörðu [2711-15] og um 145m norðvestan við vörðu [2711-14].



Mynd 14. Varða (2711-16), horft til v.

Lýsing

Aðeins hefur hrúnið úr vörðunni sem annars stendur ágætlega. Hún er um 70cm á hæð og um 1 x 1,5m að grunnmáli. Umhverfi vörðunnar er grasi og mosa gróið. Varðan er hugsanlega ein Þrívarða sem nefndar eru í örnefnaskrá (sjá aðrar upplýsingar).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Fram af því eru Fjánholt, Tunghólar, Dyngjuholt, Þrívörður, Einirhóll, Vörðuhóll og Folaldaflói uppi á brún.“

Fjarðarhorn 2711-17

Hlutverk: Óþekkt, kennimark

Tegund: Hleðsla, varða

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Hleðsla er á hrygg, tæplega 1km suðvestur af íbúðarhúsinu á Markhöfða.



Mynd 15. Hleðsla (2711-17), horft til v.

Lýsing

Hleðslan er úr grjóti, liggur NA-SV og 1,5 x 2,5m að utanmáli. Hún er að hluta grasi- og mosagróin. Hlutverk er óljóst en hugsanlega er þetta hrunin varða.

Fjarðarhorn 2711-18

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Þúst er um 805m vestur af íbúðarhúsinu á Markhöfða, um 35m vestan bæjarlækjarins á Fjarðarhorni.



Mynd 16. Þúst (2711-18), horft til n.

Lýsing

Þústin liggur NA-SV og er 50cm x 1,5m að utanmáli. Hún er að miklu leyti grasi- og mosagróin. Hlutverk er óþekkt en sporöskjulaga lögun hennar og staðsetning á hrygg með útsýni yfir hafið bendir til þess að þetta sé mögulega kuml. Aðrir möguleikar eru hrunin varða eða náttúrulegt fyrirbæri.

Fjarðarhorn 2711-19

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Þúst er á hrygg, um 885m vestur af íbúðarhúsinu á Markhöfða og um 45m vestan við læk.

Lýsing

Þústin er úr grjóti en er grasi og mosa gróin. Hún liggur NA-SV og er 1 x 2 m að utanmáli. Hlutverk er óþekkt en sporöskjulaga lögun hennar og staðsetning á hrygg með útsýni yfir hafið bendir til þess að þarna gæti verið kuml. Að öðrum kosti gæti þetta verið hrúnin varða eða náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 17. Þúst (2711-19), horft til v.

Fjarðarhorn 2711-20

Hlutverk: Óþekkt, fuglapúfa

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Þúst er á hrygg, tæplega 1km norðvestur af íbúðarhúsinu á Markhöfða rétt austan við leið [2711-25].

Lýsing

Þústin liggur NA-SV og er 1,5 í þvermál. Þústin er líklega náttúruleg fuglapúfa en staðsetning hennar við gamla leið gæti bent til þess að um gróna vörðu eða kuml sé að ræða.



Mynd 18. Þúst (2711-20), horft til s.

Fjarðarhorn 2711-21

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Þúst er á hrygg, um 620m norðvestur af íbúðarhúsinu á Markhöfða, um 140m norðan við slóð.



Mynd 19. Þúst (2711-21), horft til s.

Lýsing

Þústin er úr grjóti, liggur NA-SV og 1 x 2m að utanmáli. Hún er að mestu grasi- og mosagróin. Hlutverk er óþekkt en sporöskjulaga lögun hennar og staðsetning á hrygg með útsýni yfir hafið bendir til þess að þarna gæti verið kuml. Að öðrum kosti gæti þetta verið hrunin varða eða náttúrulegt fyrirbæri.

Fjarðarhorn 2711-22

Hlutverk: Óþekkt, kennimark

Tegund: Varða?

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Smá grjóthrúga er á lágum hól um 165m norðvestur af íbúðarhúsinu á Markhöfða.

Lýsing

Grjóthrúgan er að öllum líkindum hrunin varða.

Hún er um 1,5m x 2,5m að grunnmáli og að miklu leyti grasi- og mosagróin.



Mynd 20. Varða (2711-22), horft til na.

Fjarðarhorn 2711-23

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Varða stendur á lágum hól um 350m suðvestur af íbúðarhúsinu á Markhöfða.

Lýsing

Aðeins hefur hrunið úr vörðunni sem annars stendur ágætlega. Hún er grjóthlaðin, um 40cm á hæð og 50cm x 1,5m að grunnmáli.



Mynd 21. Varða (2711-23), horft til v.

Fjarðarhorn 2711-24 (2674-46)

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Á lágum hól, tæplega 1km norður af íbúðarhúsinu á Markhöfða er smá grjóthrúga.

Lýsing

Grjóthrúgan er um 3m að þvermáli. Hlutverk er óþekkt en sporöskjulaga lögun hennar og staðsetning á hrygg með útsýni yfir hafið bendir til þess að þetta gæti verið kuml. Einnig gæti þetta verið hrunin varða eða náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 22. Hleðsla (2711-24), horft til na.

Fjarðarhorn 2711-25

Sérheiti: Sölvamannagötur, Sölvamannavegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Sölvamannagötur lágu úr Hrútafirði, yfir Laxárdalsheiði og að Saurbæ í Dölum. Flestar heimildir segja að göturnar hafi legið frá



Mynd 23. Leið (2711-25), horft til nv.

Fjarðarhorni en ekki er getið um nákvæma staðsetningu. Gata eða slóði liggur frá Markhöfða til norðvesturs í átt til heiðarinnar og er mögulegt að þar hafi Sölvamannagötur legið fyrrum þó ljóst sé að slóðin hafi verið í notkun lengur en farið var á sölvafjörur.

Lýsing

Slóðin liggur sem fyrr segir frá Markhöfða og til norðvesturs og er greinileg á um 850m kafla en hverfur svo. Hún er allt að 3m á breidd. Þessi leið er á svipuðum slóðum og Sölvamannagötur á Atlaskortum sem gefin voru út af Geodætisk Institut (sjá t.d. blað 34 af Laxárdal frá 1941). Þegar komið er inn í átt að Laxárdalsheiði eru margar vel greinilegar götur sjáanlegar á loftmynd og ljóst að þarna hefur verið ferðaleið milli héraða um aldir.

Aðrar upplýsingar

Íslenskum sjávarhættum I (bls. 58) segir: „Ekkert minnir nú lengur á hið mikla sölvanám á Saurbæjarfjöru öldum annað en örnefnið Sölvamannagötur, en það er eina leiðin hér á landi, sem kennd er við söl... En á heiðinni, í nánd við svonefnda Guðnýjarsteina, sem eru fyrir sunnan Laxárvatn, skiptust leiðir, og lá önnur til suðausturs niður í Hrútafjörð og fram hjá bænum Fjarðarhorni fyrir botni fjarðarins. Leiðin frá Guðnýjarsteinum að Fjarðarhorni voru hinar eiginlegu Sölvamannagötur, en líklegt er, að frá því snemma á miðöldum og fram á 18. öld hafi þær verið fjölfarnar af Norðlendingum. Sölvamannagötur eru fyrst nefndar í varðveittum heimildum í sambandi við atburð, sem talinn er hafa gerzt árið 1473, en vafalaust er heiti þetta miklu eldra.“ Sölvamannagötur koma ekki fyrir í örnefnaskrá Fjarðarhorns en í örnefnaskrá Valdasteinsstaða (bls. 2) segir: „Sölvamannagötur eða Sölvamannavegur liggur upp á hálsinn framan við Valdasteinsstaði og Kvíslasel, er vegur sá sums staða varðaður og enn vel skýr liggur hann vestur til Laxárdals í Dölum og var farinn af Hrútfirðingum þeim og Húnvetningum er söl sóttu vestur til Hvammsfjarðar og Saurbæjar.“

Fjarðarhorn 2711-26

Hlutverk: Óþekkt, vatnsból?

Tegund: Hryggur

Hættumat: Hætta - vegna trjáræktar

Staðhættir

Grasi gróinn hryggur liggur norðan bæjarlækjar og er greinilegur frá gamla túninu og að lækjargilinu.

Lýsing

Hryggurinn liggur VNV-ASA og er um 400 m

langur, mest um 4m á breidd og 70cm hár. Hlutverk er óþekkt en líklegt er að þetta sé vatnsleiðsla frá bæjarlæknum og heim að bæ. Ekki fundust heimildir um aldur og því óvíst hvort þetta séu fornleifar í lagalegum skilningi.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir að vatn sé leitt í fjós og íbúðarhús (nr. 5, bls. 107).



Mynd 24. Hryggur (2711-26), horft til v.

Minjar sem fundust ekki á vettvangi eða ekki var hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni.

Fjarðarhorn 2711-27

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Uppi á túninu eru einnig Hrútakofabæli og Litli Bælishóll, Kletthóll og Efri-Kvíhóll og Neðri-Kvíhóll“.

Lýsing

Tóftir af kvíum fundust ekki við vettvangsskráningu í október 2021.

Fjarðarhorn 2711-28

Sérheiti: Steinagarður

Hlutverk: Þurrkstaður

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 2) segir: „Þá flöt, nefnd Skriða, og á henni gamalt garðbrot, sem þurrkaður er á þvottur, nefndur Steinagarður“.

Lýsing

Ekkert garðbrot sem samsvarar þessari lýsingu fannst við skráningu í október 2021. Mikill gróður var innan og umhverfis gamla túnið og því óvíst hvort þessar minjar séu enn til staðar

Fjarðarhorn 2711-29

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Hesthústún og Litlihóll fyrir framan læk, en flöt, nefnd Stebba, og Baulhóll fyrir utan lækinn“. Hesthúsbarð er annað örnefni í námunda við túnið.

Lýsing

Hesthústún bendir til þess að hesthús hafi staðið sunnan við bæjarlækinn en enginn tóft fannst þeim megin lækjar önnur en stekkjartóft [2711-9]. Örnefnaskráin getur einnig um Hesthúsbarð (bls. 1) rétt við túnið. Ef sú túlkun er rétt að Hesthústún hafi verið sunnan við bæjarlækinn (fyrir framan læk segir í örnefnaskrá bls. 1) eiga þessi örnefni líklega ekki við hesthúsið sem getið er um í Fasteignamati 1916-18.

Fjarðarhorn 2711-30

Hlutverk: Hrútakofi

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Uppi á túninu eru einnig Hrútakofabæli og Litli-Bælishóll...“.

Lýsing

Örnefnið Hrútakofabæli bendir til þess að hrútakofi hafi verið íeða í námunda við túnið. Mikill gróður var þegar skráning fór fram í október 2021 og engar minjar fundust í túninu.

Fjarðarhorn 2711-31

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í Sturlungu er sagt frá því er Loðinn bóndi á Fjarðarhorni var ginntur úr bænhúsi og höggur af honum fæturnir (Sturlunga saga II, bls. 48). Það bendir til að hugsanlega hafi verið bænhús á Fjarðarhorni en þess er hvergi getið í öðrum heimildum.

Lýsing

Bænhús og kirkjur stóðu gjarnan heima við bæ og hafi verið bænhús á Fjarðarhorni er ekki ólíklegt að það hafi staðið við gamla bæjarstæðið að því gefnu að bærinn hafi alltaf staðið á sömu slóðum. Engar minjar fundust við skráningu.

Fjarðarhorn 2711-32

Sérheiti: Sörinsvarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Fram af bæ, á láglendinu, eru Litlagil og Stekkjarlækur og Álftatjörn og Brekkur, þá Sörinsvarða og Háholt á merkjum.“

Lýsing

Fjöldi varða var skráður í landi Fjarðarhorns en staðsetning Sörinsvörðu er ekki nógu nákvæm í örnefnaskránni til að hægt sé að para hana við einhverja af fyrrnefndum vörðum með viðunandi nákvæmni.

Aðrar upplýsingar

Varðan hefur að líkindum verið hlaðin af Sörin Sörinssyni sem var vinnumaður á Fjarðarhorni 1816, þá 35 ára að aldri. Sörins er síðast getið í manntali 1845 og var hann þá niðurstetningur á Bæ í Prestbakkasókn (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands).

Fjarðarhorn 2711-33

Sérheiti: Miðaftansvarða

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns (bls. 1) segir: „Út af henni er Stekkur og Stekkjarmelur, Miðaftansvarða og Hesthúsbarð rétt við túnið.“

Lýsing

Fjöldi varða var skráður í landi Fjarðarhorns en staðsetning Miðaftansvörðu er ekki nógu nákvæm í örnefnaskránni til að hægt sé að para hana við einhverja af fyrrnefndum vörðum með viðunandi nákvæmni.

Samantekt

Alls voru skráðar 33 minjar innan skráningarsvæðis í landi Fjarðarhorns í Hrútafirði en þar er fyrirhuguð skógrækt á tæplega 200ha af landi. Yfirlit yfir þessar minjar er að finna í fylgiskjöllum, aftast í skýrslunni. Þær minjar sem skráðar voru á vettvangi eru hefðbundnar minjar sem flestar tengjast búsetu, landbúnaði og samgöngum. Að öllum líkindum hefur verið búseta á Fjarðarhorni allt frá landnámi. Núverandi bæjarstæði er rétt tæpan kílómetra suður af gamla bæjarhólnum [2711-1] sem var austan við túnið og austan þjóðvegarins sem lá um hlaðið á Fjarðarhorni [2711-3]. Ekki er þekkt eldra bæjarstæði og ekki ólíklegt að það hafi alltaf verið á sama stað eða svipuðum slóðum. Engar minjar voru greinanlegar á bæjarhólnum vegna gróðurs. Eina tóftin sem fannst í túni var stekkjartóft [2711-9] sem er á suðurbakka bæjarlækjarins. Önnur stekkjartóft [2711-10] er nokkuð sunnar, utan túns. Norðan með bæjarlæknum er hryggur eða garðlag [2711-26] sem líklega eru leifar vatnsleiðslu og í fasteignamati 1916-1918 er sagt að vatn hafi verið leitt heim að bæ og í fjósið. Eru þá taldar minjar sem fundust í eða við gamla heimatúnið. Þegar skráning fór fram var gróður, á gamla bæjarstæðinu og í heimatúninu norðan bæjarlækjar, það mikill að ekki var hægt að greina veggjalög eða önnur ummerki um byggingar sem þarna stóðu. Þar af leiðandi var ekki hægt að meta ástand þessara minja. Á túnakorti frá 1917 og í fasteignamati frá 1916-1918 eru heimildir um fimm útihús í túni [2711-4-8] auk gamla bæjarins og stekkjjar [2711-9] sem var sunnan bæjarlækjar. Þessi hús voru staðsett á túnakorti sem lagt var yfir hnitaða loftmynd og má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

Í örnefnaskrá Fjarðarhorns koma fyrir örnefnin, Hrútakofabæli, Hesthústún, Hesthúsbarð og Efri-og Neðri Kvíhóll [2711-27, 29-30] og vísa til bygginga sem hafa staðið í eða við gamla túnið. Staðsetning þessara minja er ekki þekkt og ekki var hægt að staðsetja þær með viðunandi nákvæmni.

Utan túns voru skráðar mógrafir [2711-11], fimm vörður [2711-14- 16, og 2711- 22-23], tvær hleðslur [2711-17, 2711-24], fimm þústir [2711-12, og 2711- 18-21], og hugsanlega brunnur [2711-13]. Útlit og staðsetning minja [2711-12, 2711-18, 2711-19, 2711-21, 2711-24] bendir til að um möguleg kuml sé að ræða, en ekki er hægt að fullyrða um það nema með frekari rannsóknum. Sölvamannagötur eða Sölvamannavegur [2711-25] lágu á milli Hrútafjarðar og Saurbæjar í Döllum. Eins og nafnið gefur til kynna voru þær farnar til sölvatínslu í Saurbæ og eru líklega eina leiðin hér á landi sem kennd er við sól. Þessar götur eru vafalítið mjög gamlar en erfitt er að segja með óyggjandi hætti hvort að þær götur sem skráðar voru í landi

Fjarðarhorns séu að upprunalega Sölvamannagötur en þær hafa verið í notkun fram eftir 20. öld.

Hættumat

Minjar sem skráðar voru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis eða innan við 15m frá útlínunum þess, alls 17, eru allar taldar í hættu vegna trjáræktar. Níu minjar eru utan við 15m frá skógræktarsvæðinu og eru ekki taldar í hættu (sjá hnitaskrá í fylgiskjölum). Hættumat sjö minja er skráð ómetið þar sem ekki voru forsendur til þess að meta ástand minjanna vegna mikils gróðurs þegar skráning fór fram. Hættumatið er miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um útlínur skógræktarsvæðis og þess svæðis sem verður afgirt. Ekki lágu fyrir upplýsingar um vegi/vegslóða eða aðrar framkvæmdir tengdar skógræktinni. Þar sem fornleifaskráning er fyrirbyggjandi er hægt að taka tillit til minja við skipulag skógræktarinnar. Í 22. gr. laga um menningarminjar (*nr. 80 29. júní 2012*) er skilgreint 15m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar minjar (þ.e. minjar eldri en 100 ára), nema að annað sé ákveðið. Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir til verndar minjum eru á höndum Minjastofnunar Íslands.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari áðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Atlaskort. Gædætisk Institut. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1941. Kortanúmer 34. Sótt af: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/kortasafn>. Þann 04.11.2021.

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir. 2005. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar*. Byggðasafn Skagfirðinga skýrsla BSK 2005-44, 2005.

Íslendinga sögur. Fyrsta bindi. Landssaga og landnám. Reykjavík 1946.

J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Sjöunda bindi. Kaupmannahöfn 1940.

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Strandasýsla. Sótt af <https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916-1918%20-%20undirnat;%20Strandas%C3%BDsla/?page=7>. Skoðað þann 27.10.2021.

Lúðvík Kristjánsson. Íslenzkir sjávarhættir. Fyrsta bindi. Reykjavík 1980.

Fasteigna- og jarðamat 1804. Strandasýsla. Strand. 521. V. 17. Sótt af <https://myndir.handrit.is/document/ICDB/Strand.%20521.%20V.17./?page=7>. Skoðað þann 27.10.2021.

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. 1901. Sótt af: [http://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord=_;heimili=Fjar%C3%B0arhorn;sysla=Strandas%C3%BDsla;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1901](http://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord=_;heimili=Fjar%C3%B0arhorn;sysla=Strandas%C3%BDsla;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1901). Skoðað þann 27.10.2021.

Örnefnaskrá

Örnefnaskrá Fjarðarhorns í Hrútafirði. Jóhann Hjaltason skráði eftir frásögn Guðmundar

Ögmundssonar bónda í Fjarðarhorni. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Valdasteinsstaða. Þorbjörn Bjarnarson skráði eftir frásögn eftir frásögn Guðmundar Ögmundssonar bónda í Fjarðarhorni og Bjarna Þorsteinssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort

Fjarðarhornstún. Halldór Jónsson, 1917. Þjóðskjalsafn Íslands.

Heimildarmenn

Máni Laxdal, bóndi á Valdasteinsstöðum

Sigurður Geirsson, fyrrum bóndi á Fjarðarhorni

Stafrænar heimildir

Landmælingar Íslands. Loftmynd Hrútafjörður 1975. <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>. Skoðað 22.10.21.


Landmælingar Íslands. Herforingjaráðskort 1900-1989. https://kort.lmi.is/?zoomLevel=11&coord=-2348890.780955932_9653164.586033346&mapLayers=406+100+&uuid=e1141182-4af0-489e-acc4-acbb8d0761b6&noSavedState=true&showIntro=false. Skoðað 22.10.21.

Fylgiskjöl

Fornleifar á Fjarðarhorni – hnitaskrá

Númer	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá skógræktarsvæðinu	Austun	Norðun
Fjarðarhorn 2711-1	Híbýli	Hóll	1914	1965	Horfin	Engin hætta	100m	401829	519299
Fjarðarhorn 2711-2	Óþekkt	Heimild	800	1900	Horfin	Engin hætta	45m	401851	519179
Fjarðarhorn 2711-3	Vegur	Gata	800	1980	Vel greinanlegur	Hætta	5m	401872	518667
Fjarðarhorn 2711-4	Útihús	Heimild	1700	1965	Horfin	Engin hætta	30m	401802	519284
Fjarðarhorn 2711-5	Útihús	Heimild	1700	1965	Horfin	Engin hætta	45m	401799	519319
Fjarðarhorn 2711-6	Útihús	Heimild	1700	1965	Horfin	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401748	519421
Fjarðarhorn 2711-7	Útihús	Heimild	1700	1965	Horfin	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401735	519425
Fjarðarhorn 2711-8	Útihús	Heimild	1700	1965	Horfin	Engin hætta	25m	401801	519318
Fjarðarhorn 2711-9	Stekkur	Tóft	1700	1965	Vel greinaleg	Hætta	15m	401779	519244
Fjarðarhorn 2711-10	Stekkur	Tóft	1700	1965	Greinanleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401763	519082
Fjarðarhorn 2711-11	Mógrafasvæði	Náma	1700	1900	Vel greinaleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401892	577992
Fjarðarhorn 2711-12	Kuml, varða?	Þúst	800	1900	Greinanleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401795	518011
Fjarðarhorn 2711-13	Vatnsból?	Hleðsla, lind	1700	1965	Vel greinaleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401607	518059
Fjarðarhorn 2711-14	Kennimark	Varða	800	1965	Vel greinanleg	Hætta	8m	401181	518412
Fjarðarhorn 2711-15	Kennimark	Varða	800	1965	Vel greinanleg	Hætta	10m	401120	518506
Fjarðarhorn 2711-16	Kennimark	Varða	800	1965	Vel greinanleg	Hætta	4m	401099	518534
Fjarðarhorn 2711-17	Óþekkt	Hleðsla	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	60m	400999	519370
Fjarðarhorn 2711-18	Óþekkt, kuml?	Þúst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	245m	400956	519879
Fjarðarhorn 2711-19	Óþekkt, kuml?	Þúst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	165m	400887	520028
Fjarðarhorn 2711-20	Óþekkt	Þúst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	95m	400874	520252

Númer	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá skógræktarsvæðinu	Austun	Norðun
Fjarðarhorn 2711-21	Óþekkt, kuml?	Þúst	800	1900	Greinanleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401218	520176
Fjarðarhorn 2711-22	Óþekkt, kennimark?	Varða?	800	1900	Greinanleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401622	519962
Fjarðarhorn 2711-23	Kennimark	Varða	800	1965	Vel greinanleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401552	519587
Fjarðarhorn 2711-24	Óþekkt, kuml?	Hleðsla	800	1900	Greinanleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401681	520794
Fjarðarhorn 2711-25	Leið	Gata	800	1965?	Greinaleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	400871	520248
Fjarðarhorn 2711-26	Óþekkt, vatnsból?	Niðurgroftur	1914?	1965?	Vel greinanleg	Hætta	Innan skógræktarsvæðis	401595	519412
Fjarðarhorn 2711-27	Kvíar	Heimild	1700	1965	Ómetið	Ómetið	Mögulega á skógræktarsvæðinu	-	-
Fjarðarhorn 2711-28	Þurrkstaður	Heimild	1700	1965	Ómetið	Ómetið	Mögulega á skógræktarsvæðinu	-	-
Fjarðarhorn 2711-29	Hesthús	Heimild	1700	1965	Ómetið	Ómetið	Mögulega á skógræktarsvæðinu	-	-
Fjarðarhorn 2711-30	Hrútakofi	Heimild	1700	1965	Ómetið	Ómetið	Mögulega á skógræktarsvæðinu	-	-
Fjarðarhorn 2711-31	Bænhús	Heimild	1000	1700	Ómetið	Ómetið	Mögulega á skógræktarsvæðinu	-	-
Fjarðarhorn 2711-32	Varða	Heimild	800	1965	Ómetið	Ómetið	Mögulega á skógræktarsvæðinu	-	-
Fjarðarhorn 2711-33	Varða	Heimild	800	1965	Ómetið	Ómetið	Mögulega á skógræktarsvæðinu	-	-



Kort 1. Yfirlitsmynd yfir minjar innan skráningarsvæðis.